

## **11. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 26. júní kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Halla Karí Hjaltested formaður tækninefndar kvenna, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum. Jósef Húnfjörð meðstjórnandi og Arnar Ólafsson varaformaður boðuðu forföll.

Dagskrá

### **1. Bréf frá ÍSÍ varðandi breytingar á lögum FSÍ.**

Á fimleikaþingi haldið 18 apríl sl voru samþykkt ný lög fyrir FSÍ. Til að lög þessi öðlist gildi þurfa þau að fara fyrir stjórn ÍSÍ og öðlast ekki gildi fyrir en með samþykki stjórnar ÍSÍ.

Stjórn FSÍ barst bréf dagsett 15 júní 2012. Efni bréfsins er breytingar á lögum FSÍ.

„ Á fundi framkvæmdarstjórnar ÍSÍ 31. maí sl voru tekin fyrir lög Fimleikasambands Íslands sem samþykkt voru á ársþingi sambandsins í febrúar sl. Stuðst var við álit Laganevndar ÍSÍ.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

11. grein

Því er hafnað að sett séu hæfnisskilyrði fyrir kjörgengi í stjórn sérsambanda ÍSÍ.

14. grein

Með tilvísun í ofangreinda höfnun, hafnar framkvæmdastjórn ÍSÍ einnig þeim ákvæðum í 14. grein að formenn tækninefndar karla í áhaldafimleikum, formaður tækninefndar kvenna í áhaldafimleikum og formaður tækninefndar í hóp fimleikum, með þeim hæfnisskilyrðum sem gilda í lögum FSÍ um hæfnisskilyrði þessara formanna, taki sæti í stjórn FSÍ.

17. grein

Ekki er á verksviði stjórnar FSÍ að kjósa fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ heldur á það að vera liður á dagskrá fimleikaþings.

Kosning þessara þriggja fulltrúa úr tækninefnd í stjórn er því ógild.

Framkvæmdarstjórn ÍSÍ staðfestir ný lög FSÍ að öðru leyti með fyrirvara um lagfæringu á 17. grein á næsta þingi sambandsins.“

Kosið var til stjórnar samkvæmt 9. grein laga frá 2008 á fimleikaþingi 2012.

Stjórn sambandsins skal skipuð 5 aðilum og 2 til vara. Formaðurinn er kosinn sérstaklega á fimleikaþingi, en aðrir skipta með sér embættum ritara, gjaldkera, almenningstengslafulltrúa og varaformanns. Formaður sér og fjórir stjórnarmenn. Þeir sem hluti kosningu til stjórnar FSÍ eru Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari Friðbjörn Möller gjaldkeri og Jósef Húnfjörð meðstjórnandi.

Tillaga stjórnar FSÍ.

Fulltrúi tækninefnda FSÍ, formaður eða fulltrúi úr viðkomandi nefnd, tækninefnda karla, tækninefnd kvenna, tækninefnd í hóp fimleikum og tækninefnd um fimleika fyrir alla hafa setu rétt á stjórnarfundum FSÍ með tillögurétt og málfrelsi. Starfsnefndir fimleikasambandsins kjósa sér fulltrúa

og annan til vara, varamaður tekur sæti í forföllum aðalmanns. Ekki er leyfilegt að boða stjórnarfund án áheyrnarfulltrúa.

Greinargerð:

Mikilvægt er að huga að þeim markmiðum sem lögð voru til grundvallar þeim lagabreytingum sem gerða voru á fimleikabingi 2012. Nú þegar ljóst er að ekki fæst samþykki fyrir því að formenn nefnda með þeim hæfniskilyrðum sem reglugerð FSÍ um formenn tækninefnda segir til um, verðir stjórnarmenn FSÍ til viðbótar þeim sem kosnir eru á þingi þarf að skoða með hvaða hætti mögulegt sé að ná þeim markmiðum sem lágu fyrir með þessari tillögu. Sú ráðstöfun að formenn tækninefnda FSÍ eigi sæti í stjórn FSÍ var tilkomin vegna þeirra umræðna að stytta þyrfti boðleiðir, skýra einstaka ákvarðanir sem teknar eru í nefndum og eða stjórn og fylgja eftir stefnu nefnda og eða stjórnar inn á stjórnarfundum eða nefndafundum og auka þannig samráð stjórnar við nefndir FSÍ. Mögulegt er að uppfylla þessi markmið með því að formenn eða fulltrúi viðkomandi nefnda verði áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt.

Málið rætt

**Tillaga stjórnar. Samþykkt að fulltrúi tækninefnda FSÍ, formaður eða fulltrúi úr viðkomandi nefnd, tækninefnda karla, tækninefnd kvenna, tækninefnd í hóp fimleikum og tækninefnd um fimleika fyrir alla hafa setu rétt á stjórnarfundum FSÍ með tillögurétt og málfrelsi. Framkvæmdarstjóra falið að senda út tilkynningu til aðildarfélaganna um ráðstöfun þessa og ástæðu hennar.**

## **2. Skýrsla starfshóps um leiðir og útfærslu á vali í úrvalshóp í áhaldafimleikum**

Davíð Ingason formaður starfshópsins kynnti skýrslu starfshópsins og tillögur. Í hópnum sátu Hildur Ketilsdóttir fulltrúi TKV, Hulda Harðarðóttir foreldri, Guðjón Guðmundsson fulltrúi TK og Thelma Rut Hermannsdóttir afreksmaður. Hópurinn hittist 3 sinnum. Gestir fundanna voru Guðmundur Brynjólfsson, þjálfari Gerplu, Gabor Kiss, þjálfari Gróttu og Sandra Árnadóttir, þjálfari Fylkis.

Tillögur starfshóps um leiðir og útfærslu á vali á úrvalshóp í áhaldafimleikum

- Stofnaðir verði 3 úrvalshópar af hvoru kyni í haust 2012.
  - Youth, 20 manns
  - Junior, 12 manns
  - Senior, 8 manns.

Málið rætt:

**Samþykkt að stofnaðir verði úrvalshópar í áhaldafimleikum á hausti komandi. Hraðað verði allri vinnu við skipulagsbreytingar á starfssemi FSÍ sem nauðsynlegar eru til að vinna þessi geti farið sem fyrst af stað.**

**Bókun: stjórn FSÍ þakkar starfshópi um leiðir og útfærslu á vali á úrvalshóp í áhaldafimleikum fyrir góða vinnu og væntir mikils í framtíðinni af afreksefnum og afreksmönnum FSÍ.**

## **3. Skýrsla starfshóps um öflun styrkja og úthlutun fjármagns til afreksstarfs**

Einar Ólafsson formaður starfshóps, um öflun styrkja og úthlutun fjármagns til afreksstarfs kynnti tillögur hópsins. Vinnuhópurinn hittist fjórum sinnum í hádeginu á þriðjudögum í maí og júní þar sem ræddar voru ýmsar hugmyndir að fjáröflun fyrir FSÍ, bæði núverandi og nýjum. Hvernig mætti bæta núverandi fjáraflanir og byrja á nýjum.

Tillögur starfshóps um öflun styrkja og úthlutun fjármagns til afreksstarfs.

Mikilvægi/ verklok	verkefni	markmið	Ábyrgðaraðili	framkvæmdaraðili
Mikilvægi 1 Tími: Lok ágúst 2012	<b>Kynningarefni.</b>	að búa til kynningargögn til þess að nota við markaðsherferðir til fyrirtækja.	Framkvæmdastjóri	Framkvæmdastjóri
Mikilvægi 1 Tími: Lok ágúst 2012	<b>Nýr vinkill</b>	að allir kostnaðarþættir verði skoðaðir sérstaklega og komi með tillögum þar að lútandi til að vinna áfram með Nýjum vinkli.	Framkvæmdastjóri	Framkvæmdastjóri FSÍ, og Einar Ólafsson
Mikilvægi 1 Tími: Lok september	<b>Hverja og hversu mikið á að styrkja.</b>	Að móta tillögur um hvernig úthlutun til afreksmanna og afreksefna FSÍ sé háttað	Framkvæmdastjóri	Verkefnastjóri landsliða
Mikilvægi 1 Tími: Lok september	<b>Afrekssjóður</b>	Að móta tillögur um stofnun afrekssjóða Fimleikasambands Íslands, reglur og úthlutun.	Framkvæmdastjóri	Vinnuhópur undir stjórn Einars Ólafssonar
Mikilvægi 2 Tími:desember 2012	<b>Samstarf við aðra eins og Milano og Fimleikar ehf.</b>	Að semja við þá sem selja fimleikavörur/íþróttavörur um afslátt og styrktarkjör	Framkvæmdastjóri	Verkefnastjórar landsliða
Mikilvægi 2 Tími: Haust 2012	<b>Sparnaður.</b>	að skoða aðrar leiðir í sambandi við gistingu á stórmótum	Framkvæmdastjóri	Verkefnastjórar landsliða
Mikilvægi 2 Tími: Lok október 2012	<b>Styrkur frá Icelandair</b>	Að ganga til samninga við flugfélög á Íslandi um ódýrari ferðir erlendis og ívilnanir um ferðatilhögun	Framkvæmdastjóri	Verkefnastjórar landsliða
Mikilvægi 3 Tími: Haust 2013	<b>Styrkur frá Arion banka og fleirum styrktaraðilum</b>	Fjölga samstarfsaðilum FSÍ	Framkvæmdastjóri	Fjáröflunarnefnd FSÍ

Málið rætt:

Stjórn þakkar starfshópi fyrir góða vinnu við greiningu á tækifærum til aukins fjármagns til afrekstarfs inna fimleikasambandsins. Samþykkt að fara að tillögum hópsins vísa tillögum til ábyrgðaraðila til nánari útfærslna og framkvæmda. Jafnframt var samþykkt að stofna fjáröflunarnefnd FSÍ og fá til samstarfs áhugasama einstaklinga sem geta og vilja leggja Fimleikasambandinu lið við öflun samstarfsaðila til fjáröflunar. Framkvæmdarstjóra er falið að koma tillögum til ábyrgðaraðila.

#### **4. Bréf frá FIG varðandi miða sem FSÍ býðst á Ólympíuleikana í sumar**

Stjórn FSÍ býðst miðar á Ólympíuleika 2012, um er að ræða miða á allar keppnir í áhaldafimleikum karla og kvenna ásamt miðum á úrslit á trampólíni.

Tillaga: stjórn FSÍ leggur til að miðar þeir sem FSÍ fær til ráðstöfunar verði skipt með þessum hætti. Tækninefnd karla, tækninefnd kvenna og tækninefnd í hóp fimleikum fái miða sem hér segir; Tækninefnd karla fái þá miða sem falla undir keppni karla í áhaldafimleikum, tækninefnd kvenna fái þá miða sem falla undir keppni kvenna í áhaldafimleikum og tækninefnd í hóp fimleikum fái þá miða sem falla undir keppni í trampólín. Miðar þessir geta farið til þeirra sem sitja í viðkomandi starfsnefnd FSÍ fyrir starfsárið 2012-2013. Tækninefndir skulu tilnefna tvo einstaklinga sem fá alla miðana til afnota og tilkynna til framkvæmdarstjóra FSÍ fyrir 5. júlí nk. hverjir fara til ráðstöfunar

Málið rætt

**Tillaga stjórnar samþykkt og formenn tækninefnda í hóp fimleikum og áhaldafimleikum gert skylt að tilkynna til framkvæmdarstjóra fyrir 5. júlí nk. hvort nefndarmenn hyggist þiggja boð og skila inn nöfnum þeirra sem tilnefndir verða.**

#### **5. Beiðni frá tækninefnd THF um undanþágu frá aldursreglum á mótum hóp fimleika**

„Bréf dagsett 25. júní 2012. Efni: Beiðni um undanþágu frá aldursreglum FSÍ.

Tækninefnd í hóp fimleikum óskar eftir að stjórn FSÍ veiti keppendum í 4. flokki í hóp fimleikum undanþágu frá aldursreglum FSÍ. Um er að ræða keppendur sem verða níu ára á árinu eftir áramót en keppnistímabilið hefst að hausti og endar að vori.

Greinargerð:

Við breytingu á keppnisreglum og breytingar á aldursflokkum var reynt að minnka flokka. Í 4. flokki mega keppendur sem eru 9-10 ára keppa. Hins vegar þar sem að keppnistímabilið er frá hausti til vors mega keppendur á yngri ári ekki hefja keppni fyrr en um áramót. Þetta gerir það að verkum að lið sérstaklega minni félög eiga eftir að eiga í erfiðleikum að manna lið í haust. Einnig getur þetta haft áhrif á deildarkeppni. Því óskum við eftir að keppendur á yngri ári fái að hefja keppni að hausti. En aðeins um eitt mót er að ráða og er það í október.“

Málið rætt:

**Samþykkt að fresta afgreiðslu þessa erindis og vísa því í tækninefndir FSÍ. Framkvæmdarstjóra er falið að tilkynna til tækninefndar í hóp fimleikum um afgreiðslu þessa og jafnframt að senda erindi til tækninefndar í áhaldafimleikum karla og kvenna og tækninefndar í hóp fimleikum með ósk um að nefndirnar skoði aldursflokksreglur og keppnisaldur.**

#### **6. Erindi frá TK sem tekið var fyrir á 39.fundi síðustu stjórnar, liður 3b., en afgreiðslu málsins var frestað og erindi frá TKV sem barst 26. Júní 2012.**

„Alþjóðlegt dómaramámskeið 2012. TK fer þess á leit við stjórn FSÍ að Björn M. Tómasson fari fyrir hönd sambandsins á FIG **Intercontinental Judges Course Cycle 2013 – 2016** (alþjóðlegt dómaramámskeið) sem haldið verður eftir ÓÍ 2012. TK óskar jafnframt eftir því að alþjóðlegt dómaramámskeið verði haldið hér á landi í byrjun árs 2013.“ „TKV óskar eftir að FSÍ sendi Berglindi Pétursdóttur á Intercontinental dómaramámskeið FIG í áhaldafimleikum. TKV óskar einnig eftir að FSÍ standi fyrir alþjóðlegu dómaramámskeiði í byrjun árs 2013.“

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir erindi frá TK og TKV að senda Berglindi Pétursdóttur og Björn M Tómasson á Intercontinental Judges Course Cycle 2013 – 2016 dómaramámskeið FIG í áhaldafimleikum, þar**

sem viðkomandi muni sitja námskeiðið og taka dómaraþróf. Einnig var samþykkt erindi TK ogTKV að haldið verði alþjóðlegt dómara námskeið hérlandis í byrjun ársins 2013, þar sem farið verður yfir nýjar keppnisreglur FIG. Framkvæmdarstjóra er falið ásamt formönnum TK og TKV að ganga frá því hvaða fulltrúar verði sendir á námskeiðin, hvernig þekking sem þeir öðlast á námskeiðunum verði nýtt hér heima og undirbúa koma erlendra dómara til að halda alþjóðlegt dómara námskeið hérlandis.

#### **7. Erindi frá THF; nýtt móta- og keppnisfyrirkomulag 2012-2013 og nýjar keppnisreglur í hópfimleikum.**

Formaður tækninefndar í hópfimleikum Íris Svavarsdóttir lagði fram nýjar keppnisreglur í hópfimleikum og nýtt móta og keppnisfyrirkomulag fyrir árið 2012-2013. Undanfarnir ár hefur verið keppt í tveimur reglum á Íslandi. Nú í haust verður keppt í einum reglum með undanþágum fyrir ákveðna aldursflokka. Aldursflokkum hefur einnig verið breytt og allir eru hvattir til að kynna sér reglurnar vel áður en vetrarstarfið er skipulagt. Code of Points hefur tekið breytingum. Allir dómara þurfa því að endurnýja réttindi sín frá og með haustinu. Einungis eitt dómaraþróf verður fyrir alla (ekki TeamGym og landsreglur eins og áður). Handhafar TeamGym dómaraþrófs taka styttra námskeið kjósi þeir það.

Tækninefnd Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) hefur gefið út alþjóðlegar keppnisreglur í hópfimleikum. Það eru keppnisreglurnar sem eru til grundvallar allri keppni í hópfimleikum á Íslandi. Nokkrar undanþágur eru gerðar á reglunum fyrir einstaka aldursflokka.

**Bókun: Stjórn FSÍ samþykkir Móta og keppnisfyrirkomulag 2012-2013 í hópfimleikum og nýjar keppnisreglur í hópfimleikum. Stjórn FSÍ þakkar öllum sem hafa lagt sitt að mörkum fyrir glæsilega vinnu Framkvæmdarstjóra er falið að senda aðildarfélögum FSÍ reglurnar og móta- og keppnisfyrirkomulag 2012-2013 og jafnframt að birta gögnin á heimasíðu FSÍ.**

#### **8. Erindi frá THF, nýir keppnistigi í í almennum fimleikum**

Zoltán Demény fulltrúi í THF, sem hefur aðalumsjón með almennum fimleikum, fékk Karen Jóhannesdóttur með sér til að fara yfir keppnistigann í almennum fimleikum.

**Stjórn FSÍ samþykkir nýjan keppnistiga í almennum fimleikum. Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem hafa lagt sitt að mörkum við gerð keppnistiga í almennum fimleikum. Framkvæmdarstjóra falið að senda aðildarfélögum FSÍ keppnistigann og jafnframt að birta hann á heimasíðu FSÍ.**

#### **9. Erindi frá FFA dagsett 22. júní 2012 um að haldin verði fimleikahátíð FSÍ.**

Tillaga FFA um að FSÍ haldi fimleikahátíð sem hefði það að markmiði

- að stuðla að útbreiðslu fimleika
- að efla fimleikahreyfinguna í heild sinni
- að stuðla að virðingu og samkennd innan hreyfingarinnar og milli greina
- að vekja athygli fjölmiðla á fimleikum og leikfimi og fjölbreytileika þeirrar íþróttar
- að sýna fram að allir geti stundað fimleika/leikfimi óháð aldri, búsetu og líkamlegri getu.

**Málið rætt**

**Samþykkt að stofna starfshóp sem hefði það hlutverk að skoða möguleika FSÍ á að halda Fimleikasýningu að fyrirmynd EUROGYM. Framkvæmdarstjóra falið að útbúa erindisbréf og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar.**

**10. Dagskrá fræðslunefndar fyrir veturinn 2012-2013**

Dagskrá fræðslunefndar fyrir veturinn 2012-2013 lögð fram og samþykkt. Framkvæmdarstjóra í samvinnu við formann fræðslunefndar falið að senda dagskránni á aðildarfélög FSÍ og birta á heimasíðu FSÍ.

Kynning

**11. Drög að mótaskrá 2012-2013**

Mikilvægt er að mótaskrá FSÍ verði tilbúin sem allra þannig að hægt sé að senda hana á aðildarfélög FSÍ.

**12. Bréf frá ÍSÍ og tilmæli til sambandsaðila varðandi „umræðu um innvígslu“.**

**Fundur slitið 19:58**